

226. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 8. nóvember 2023 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Vilborg Guðný Valgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarna.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2305003 - Opnunartími íþróttamannvirkja

Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamála- og íþróttamannvirkja kynnr tillögur á breytingum á opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar Jaðarsbökkum fyrir árið 2024.

Á barnaþingi 2022 kom fram skýr vilji barna- og ungmenna á Akranesi til að lengja opnunartíma sundlaugarinnar á Jaðarsbökkum á kvöldin, bæði á virkum dögum og um helgar. Fulltrúi ungmennaráðs talaði fyrir málinu á bæjarstjórnarfundum unga fólksins 15. nóvember 2022. Í kjölfarið var málið tekið upp í skóla- og frístundaráði sem fól forstöðumanni íþróttamála- og íþróttamannvirkja að móta tillögur að breyttum á opnunartíma í takt við ábendingar ungmennaráðs og í samræmi við nýtingartölur sundlaugarinnar.

Skóla- og frístundaráð samþykkir eftirfarandi breytingar á opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum: Virkir dagar 6:30-22:00 (í stað 6:00-21:00) og um helgar 9:00-19:00 (í stað 9:00-18:00). Nýr opnunartími tekur gildi 1.mars 2024.

Breytingarnar rúmast innan fjárhagsramma íþróttamannvirkjanna og kemur því ekki til kostnaðarauka vegna þessa. Ákvörðun um opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum verður endurskoðuð fyrir 1. desember 2024.

2. 2306146 - Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025-2027

Tillaga að gjaldskrá fyrir Tónberg lögð fram.

Skóla- og frístundaráð felur sviðstjóra að vinna málið áfram.

3. 2311060 - Bæjarstjórnarfundur unga fólksins - tillaga ungmennaráðs að breyttu verklagi

Erini frá ungmennaráði um tillögur að breyttu fyrirkomulagi varðandi bæjarstjórnarfund unga fólksins. Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri forvarnar- og frístundamála situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir beiðni ungmennaráðs um að fresta bæjarstjórnarfundu unga fólksins sem fyrirhugaður var 21. nóvember n.k. til seinni hluta janúar mánaðar 2024. Starfsreglur ungmennaráðs eru í endurskoðun í samræmi við áherslur barnvæns sveitarfélags og verða tillögur að breyttum reglum kynntar skóla- og frístundaráði á vormánuðum 2024.

4. 2311062 - Íslenska æskulýðsrannsóknin - niðurstöður vorönn 2023

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri forvarnar- og frístundamála fer yfir niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar, vorið 2023.

Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri Brekkubæjarskóla og Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu fyrir góða kynningu á niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og Arnbjörgu og Sigurði fyrir gott samtal. Ráðið tekur undir mikilvægi þess að vinna með niðurstöðurnar á skipulagðan hátt hjá sveitarfélaginu og innan grunnskólanna í miklu samstarfi við foreldra.

5. 2307091 - Málefni leikskólastigsins 2023

Kynning á fjölda barna í leikskólum Akraneskaupstaðar.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.